



# Safnahús Borgarfjarðar Ársskýrsla 2009



**Apríl 2010**  
Guðrún Jónsdóttir  
Jóhanna Skúladóttir  
Sigrún Elíasdóttir  
Sævar Ingi Jónsson

Ljósmyndir: Guðrún Jónsdóttir

## Efnisyirlit

<b>Inngangsorð .....</b>	<b>3</b>
1.1 Gestir .....	3
1.2 Nokkur verkefni.....	3
1.3 Fjárhagur.....	4
1.4 Viðhald húseigna .....	5
1.5 Starfsmannahald .....	5
1.6 Starfsmannafundir .....	5
1.7 Kynningarmál.....	6
1.8 Vörslumál.....	6
1.9 Rannsóknir.....	6
1.10. Samstarf.....	6
1.11 Þakkir.....	7
<b>2. Héraðsbókasafn Borgarfjarðar.....</b>	<b>8</b>
2.1 Eintakafjöldi og skráningar .....	8
2.2 Gestafjöldi og útlán.....	8
2.3 Innkaup.....	8
2.4 Gjafir til bókasafnsins .....	8
2.5 Sumarlestur .....	9
2.6 Ljóðasýning fimmtu bekkja í tilefni af degi íslenskrar tungu.....	9
2.7 Kynningar á höfundum.....	9
2.7.1 Böðvar Guðmundsson.....	9
2.7.2 Jón Helgason.....	9
2.7.3 Flosi Ólafsson .....	10
2.7.4 Þuríður Guðmundsdóttir .....	10
2.8 Gagnagrunnur um borgfirska höfunda.....	10
2.9 Sagnakvöld .....	10
2.10 Pálsstefna .....	10
2.11 Önnur þjónusta.....	11
2.12 Gefin eintök til Héraðsbókasafns 2009.....	11
<b>3. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar .....</b>	<b>14</b>
3.1 Almennt .....	14
3.2 Þjónusta.....	14
3.3 Skjalavarsla .....	14
3.4 Sýningar.....	15
3.4.1 Opnaður ljósmyndavefur og myndasýningin Rammar.....	15
3.4.2 Skjaladagur 2009.....	15
3.5. Aðföng 2009.....	15
<b>4. Munasafn.....</b>	<b>19</b>
4.1 Byggðasafn .....	19
4.1.1 Geymslur.....	19
4.1.2 Börn í 100 ár .....	19
4.1.3 Ýmislegt.....	19
4.1.4 Munir .....	19
4.3.4 Eftirfarandi munir bættust í safnið á árinu 2009: .....	20
4.2 Listasafn.....	20
4.2.1 Framkvæmdir.....	20
4.2.2 Sýningar .....	20
4.2.3 Innra skipulag.....	21
4.3 Náttúrugripasafn.....	21

Safnahús Borgarfjarðar  
**Ársskýrsla 2009**

## **Inngangsorð**

*Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður*

Árið 2009 var líflegt ár í starfsemi Safnahúss enda markvisst áfram unnið samkvæmt menningarstefnu sveitarfélagsins þar sem áhersla er lögð á lífríka starfsemi, fræðslu og miðlun. Hér á eftir verður farið yfir helstu þætti starfseminnar í heild, en einnig fylgja greinargerðir um starfsemi einstakra safna.

### **1.1 Gestir**

Gestir voru alls 11.218 og er það 21,21 % aukning frá fyrra ári (9.255 gestir). Á milli áráanna 2007/2008 var einnig um svipaða aukningu að ræða eða 21,09 %. Það er því ljóst að heimsóknum í Safnahús hefur fjölgað verulega á síðustu tveimur árum. Sýningin Börn í 100 ár var opin alla daga sumarsins og einnig fyrir hópa yfir veturinn. Hún hefur reynst góð viðbót við þá menningarferðapjónustu sem boðið er upp á í gamla bæjarhluta Borgarness, en þar hefur Landnámsetur starfað síðan árið 2006 og til stendur að Brúðuheimar opni í maí 2010.

Gestum á bókasafnið hefur fjölgað um 1.311 á milli ára (6.214/7.525) og er það í greinilegri sókn. Í starfsemi safnsins var ekki síst lögð áhersla á samstarf við ungu kynslóðina eins og sést á skýrslu héraðsbókavarðar hér á eftir. Verkefni af slíku tagi voru m.a. sumarlestur barna og ljóðasýning í tilefni af degi íslenskrar tungu.

Gestum á byggðasafn hefur heldur fækkað, fyrst og fremst vegna þess að dagsferðir skólabarna af höfuðborgarsvæðinu voru í algeru lágmarki á árinu. Nemendur Menntaskóla Borgarfjarðar eru góðir gestir Safnahúss og er nokkuð algengt að hópar þaðan komi til að leita heimilda eða vinna með barnasýninguna.

Gestum á skjalasafnið hefur fjölgað til muna eins og sést í greinargerð héraðsskjalavarðar hér á eftir.

Aðsókn að listasafni (Hallsteinssal)<sup>1</sup> var með besta móti á árinu, en þangað komu 1.570 manns. Skýringin á þessu er að miklu leyti sýning Katrínar Jóhannesdóttur sem hlaut einstaklega góðar viðtökur.

### **1.2 Nokkur verkefni**

**Pálsstefna** - Eitt stærsta verkefni ársins var Pálsstefna, málþing í minningu Páls Jónssonar frá Örnólfdal (sjá héraðsbókasafn). Verkefnið var unnið í samstarfi við Landsbókasafn Íslands auk verðmæts framlags frá Héraðsskjalasafni Skagafjarðar og Ferðafélagi Íslands.

**Sýning á verkum Hallsteins** - Það var starfsfólki Safnhúss sérstök ánægja að heiðra Bjarna Bachmann fyrrverandi safnvörð í tilefni níráðisafmælis hans í apríl. Var það gert með því að tileinka honum sýningu á verkum úr eigu Hallsteins Sveinssonar, en sú

<sup>1</sup> Nefndur á Sumardaginn fyrsta 2009 Hallsteinssalur til heiðurs Hallsteini Sveinssyni, velgjörðarmanni Listasafns Borgarness.

sýning var opnuð á sumardaginn fyrsta og var fjölskylda Bjarna viðstödd opnunina. Við það tækifæri voru Bjarna þökkuð ötul og óeigingjörn störf í þágu safnanna. Bjarni lést í janúar 2010.

Einnig má geta sérstaklega sýningar á teikningum Matthíasar Margrétarsonar sem sýndi í Safnahúsi í apríl og maí. Matthías var þarna einungis 11 ára gamall að halda sína fyrstu sýningu og það var verðugt hlutverk Safnahúss að hvetja hann til góðra verka.

**Öflun munnlegra heimilda** – á árinu voru tekin viðtöl við eldri einstakling, Ragneyju Eggertsdóttur, sem er fædd árið 1911 og alin upp í Borgarnesi. Í viðtalinu var notast við upptökutæki er fengið var að láni frá Munnlegri miðstöð í Reykjavík. Vonast er til að framhald geti orðið á þessu verkefni, sem unnið var í samstarfi við Landbúnaðarsafn Íslands sem einnig nýtti sér tækið til viðtala.

**Skráning minninga og fróðleiks** - Á árinu var þess freistað að hvetja fólk í héraði til að skrásetja eða skrifa niður minningarbrott er gagnast mættu sem heimildir í framtíðinni. Í þessu skyni var farið á fundi hjá félögum eldri borgara í héraðinu auk þess sem auglýsingu var dreift á bókasafninu og verkefnið kynnt með ýmsum öðrum hætti. Einhverjar heimtur á efni urðu strax á árinu, en vonast er eftir að meira skili sér þegar fram líða stundir og áfram er minnt á verkefnið.

### 1.3 Fjárhagur

#### *Helstu kostnaðar- og tekjuliðir*

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 gerði ráð fyrir að Safnahús hefði kr. 32.015.073 til ráðstöfunar. Í árslok var staðan kr. 31.578.667. Af því fóru kr. 11.196.564 í innri leigu til sveitarfélagsins svo til ráðstöfunar til rekstrar voru aðeins kr. 20.382.103. Mikill megin hluti af því fé fór í launagreiðslur og tengdan kostnað: kr. 18.528.473 (að frádregnu framlagi vegna átaksverkefnis, kr. 1.616.339). Eftirstöðvar til rekstrar voru því einungis kr. 1.853.630. Sértekjur námu kr. 8.176.258 og þar af voru tekjur af útlánum kr. 400.885 og aðgangseyrir að sýningum kr. 493.270.

Styrkir frá ríkinu voru með þrennum hætti, í fyrsta lagi 1.600.000 kr. frá Safnaráði vegna byggðasafns (staða munavarðar + verkefnastyrkur), í öðru lagi 600.000 frá Þjóðskjalasafni vegna skjalasafns og í þriðja lagi 500.000 frá fjárlaganefnd Alþingis vegna byggðasafns. Tekjur frá öðrum sveitarfélögum, þ.e. Skorradalshreppi og Hvalfjarðarsveit vegna þjónustusamninga (um byggðasafn, náttúrugripasafn, skjalasafn og bókasafn) voru kr. 1.260.564. Þjóðhátíðarsjóður styrkti Safnahús um 500.000 krónur, til að skanna og vefsetja ljósmyndir í eigu safnsins. Var mikið unnið í þessum eignum á árinu og opnaður ljósmyndavefur í lok ágúst. Var þar með stigið þýðingarmikið og langþráð skref í borgfirskri minjavörslu og miðlun.

Sveitarstjórn bauð Safnahúsi að taka þátt í atvinnuátaksverkefni og var leitað til Vinnumálastofnunar um styrki. Af því sem fékkst komu kr. 1.616.339 í hlut Safnahús á móti greiddum launakostnaði.

Safnahús sótti um styrk til Húsafriðunarnefndar vegna endurbóta á svokölluðum Hlíðartúnshúsum, minjum um búskap íbúa á fyrstu áratugum byggðar í Borgarnesi. Var bæði um að ræða viðgerðir á hleðslum húsanna og lagfæringu á grjótgörðum við þau.

Fékkst 400.000 króna styrkur til þessa og fékk framkvæmdasvið hann til umráða í verkefnið.

Þrátt fyrir mikinn niðurskurð á síðustu tveimur árum var rekstur hússins 436.406 kr. undir áætlun í árslok. Er þetta fyrst og fremst að þakka samstilltu átaki starfsmanna, sem tókst að láta hlutina ganga upp í erfiðu árferði. Áhrif samdráttarins hefur þó m.a. komið fram í þjónustu við viðskiptavinum á þann hátt að kvöldopnun á bókasafni var lögð niður. Auk þessa varð umtalsverð kjaraskerðing hjá starfsmönnum; bóka- og tímaritakaup voru verulega skert og ýmsum verkefnum var frestað eða hætt við þau.

Gestafjöldi hefur aukist um 21 % á milli árána 2008 og 2009. Álag á bókasafni hefur t.d. aukist mjög og þarf innan tíðar þarf að bregðast við því með einhverjum hætti. Þrátt fyrir undirmönnun hefur tekist að halda vel utan um allan þann gestafjölda sem sækir húsið heim. Þó er ljóst að ekkert má út af bregða. Samkvæmt þeim tillögum sem nú liggja fyrir mun héraðsbókavörður bæta á sig umsjón með bóka kaupum grunnskóla sveitarfélagsins á árinu 2010 og verður það m.a. leyst með auknu vinnuframlagi forstöðumanns.

#### 1.4 Viðhald húseigna

Nokkuð var um viðhaldsframkvæmdir í Safnahúsi á árinu og ber þar hæst endurnýjun gólfefnis í Hallsteinssal, á tveimur skrifstofum og í anddyri á efri hæð. Var verkinu lokið í byrjun mars og hafði þá svæðið tekið stakkaskiptum. Eru framkvæmdasviði hér færðar bestu þakkir fyrir að láta vinna þetta þarfa verk, en áður láku gluggar þarna mikið og það hafði orsakað slæmar lekaskemmdir svo munir voru í hættu.

#### 1.5 Starfsmannahald

Í Safnahúsi voru í ársbyrjun þrjú fastráðnir starfsmenn: Jóhanna Skúladóttir héraðsskjalavörður (100 % starf), Sigrún Elíasdóttir munavörður (50 % starf) og Sævar Ingi Jónsson héraðsbókavörður (100 % starf). Forstöðumaður var menningarfulltrúi, Guðrún Jónsdóttir, og var það 100 % starf sem segja má að hafi skipst í hlutföllin 75 /25 % á milli Safnahúss og almennra menningarmála. Starf munavarðar var áður 80 % en vegna aðhalds hafði orðið að skera það niður í 50 % í árslok 2008. Helga Jóhannsdóttir annaðist ræstingar og í sumarafleysingum var Heiðar Lind Hansson. Tveir starfsmenn önnuðust sýningarvaktir ásamt þeim sem hér á undan hafa verið taldir: A. Gabríel Guðfinnsson og Ragnheiður Ásmundsdóttir.

Tveir starfsmenn unnu í hlutastarfi á síðari hluta ársins á vegum atvinnuáttaks sveitarfélagsins. Þetta voru þær Jenny Johansen og Þóra H. Þorkelsdóttir. Störfuðu þær báðar við flokkun gagna fyrir skjalasafn og byggðasafn. Jenny vann frá 10. júní til 10. desember (90 % starf) og Þóra frá 1. júlí til 1. desember (90 % starf). Mikið vannst af verkefnum fyrir söfnin á þessu tímabili og má segja að þar hafi verið lyft grettistaki.

#### 1.6 Starfsmannafundir

Á árinu voru alls haldnir 17 starfsmannafundir (nr. 52-68). Fundargerðir voru strax að loknum fundi sendar til menningarnefndar og sveitarstjóra sem þannig eru alltaf upplýst um gang mála. Fundargerðir voru megnið af árinu einnig formlega lagðar fram á fundum menningarnefndar, sem voru að öllu jöfnu fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. Í ágúst var tilhögun varðandi nefndina breytt og hún sameinuð tólmstundanefnd. Varð

pá til tómstunda- og menningarnefnd og hélt hún sinn fyrsta fund 8. september 2009. Tók hún sjálfkrafa við hlutverki stjórnar Safnahúss.

### 1.7 Kynningarmál

Starfsemin fékk mikla óbeina umfjöllun á árinu, t.d. í tengslum við sýningu Katrínar Jóhannesdóttur sem stóð yfir megnið af sumrinu. Safnahús fékk einnig reglulega umfjöllun í héraðsmiðlum, s.s. Íbúanum og Skessuhorninu og í sumarbyrjun var ágæt umfjöllun í sjónvarpsfréttatíma RÚV um opnun barnasýningarinnar fyrir sumarið. Mikið var birt af fréttum á heimasíðum Safnahúss og Borgarbyggðar auk þess sem dreifiblöð voru send í hús og tölvupóstfangalistar notaðir til markaðssetningar. Fyrir jólin var svo sent bréf til helstu velunnara með stuttri greinargerð og þökkum fyrir gott samstarf og stuðning á árinu. Beinar auglýsingar voru í lágmarki sökum þröngs fjárhags. Auglýst var í Skessuhorni og Íbúanum auk bókarinnar „Á ferð um Ísland“ og bæklinga Ferðapjónustu bænda. Auglýst var í sameiginlegum auglýsingum safna, bæði vegna Safnadagsins (12. júlí) og með reglubundnum hætti.

### 1.8 Vörslumál

Enn er beðið eftir farsælli lausn í vörslumálum safnanna. Búið var að setja 40 milljónir inn á þriggja ára áætlun fyrir árið 2009 til úrlausnar í þessum efnunum, en við fjárhagsáætlunargerð í árslok 2008 var sú upphæð skorin niður vegna aðhaldsaðgerða og hefur hún ekki komið inn aftur. Viðræður hafa verið í gangi á milli sveitarfélagsins og fyrirtækisins Gagnavörslunnar ehf, en þær hafa ekki skilað árangri. Á meðan þetta ástand varir er kappkostað að nýta húsnæðið á Bjarnarbraut 4-6 undir alla starfsemi safnanna, en starfsfólk hefur áhyggjur af öryggismálum safnkosts í geymslum þar og er brýnt að finna ásættanlega lausn á vörslumálum hússins.

### 1.9 Rannsóknir

Rannsóknir hljóta alltaf að vera drjúgur hluti af starfsemi safna. Einstök verkefni eru tilgreind í greinargerðum safnvarða hér á eftir, en ljóst er að mikið vannst á þessum vettvangi á öllum verksviðum safnanna á árinu. Mikill árangur náðist einnig í flokkun og skráningu safnkosts, ekki síst fyrir tilstilli atvinnuátaks sveitarfélagsins í samvinnu við Vinnumálastofnun.

### 1.10. Samstarf

Á árinu tók Safnahús þátt í starfi Neðribæjarsamtakanna og situr forstöðumaður hússins í stjórn þeirra ásamt Kjartani Ragnarssyni og Hildi M. Jónsdóttur. Samtökin stóðu á árinu m.a. fyrir fyrstu Brákarhátíðinni sem haldin var í júnílok.

Á árinu var samstarf við Landbúnaðarsafn Íslands um söfnun munnlegra heimilda, sjá nánar undir 1.2 Nokkur verkefni.

Á árinu sótti Þorkell Þorleifsson nemandi í Grunnskólanum í Borgarnesi bókasafnið heim einu sinni í viku yfir vetrartímann. Var þetta hluti af námi Þorkels við skólann og vann hann ýmis verkefni fyrir skjalasafn og bókasafn í þessari námsdölv, undir leiðsögn viðkomandi starfsmanna.

### **1.11 Þakkir**

Starfsfólk hússins nýtur á ári hverju góðs af velvild fólks í formi upplýsingagjafar, fræðistarfa eða gjafa. Hér er þessum velunnurum færðar innilegar þakkir fyrir dýrmætan hlýhug í garð safnanna.

Stjórn Safnahúss eru hér einnig færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf og skarpa sýn á þau gildi sem hafa ber í heiðri við varðveislu og miðlun menningararfs héraðsins.

## 2. Héraðsbókasafn Borgarfjarðar

*Sævar Ingi Jónsson, héraðsbókavörður*

### 2.1 Eintakafjöldi og skráningar

Skráð eintök í Gegni í lok árs voru 37.105. Eins og fram kom í síðustu ársskýrslu hafa öll eintök í aðalsafni verið skráð en á árinu var unnið við flokkun ýmsra lítilla sérsafna sem safninu hefur verið gefið á síðustu árum, má þar nefna hluta bókasafns Guðmundar Árnasonar og Sesselju Þorvaldsdóttur frá Álftártungu og safn bóka Dr. Selmu Jónsdóttur sem Safnahúsi barst á árinu 2007. Áætlað er að með tíð og tíma verði þessi söfn aðgengileg í Gegni, en haldið þó sem sérstökum söfnum eftir því sem við á. Sævar Ingi hélt áfram skráningu Pálssafns á árinu en nú hafa nokkur hundruð eintök verið skráð. Áfram verður unnið að skráningu á árinu 2010.

Í lok árs fékk Héraðsbókasafnið nokkuð magn bóka úr Bókasafni Reykdæla til skoðunar, með tilliti til varðveislu og framtíðarnýtingu bókana. Það verkefni beið þó að mestu fram yfir áramót. Það er bókasafninu sérstakt ánægjuefni að leitað skuli til þess í málum sem þessu, enda mjög hollt að huga að samnýtingu bókakosts í héraðinu.

### 2.2 Gestafjöldi og útlán

Á árinu varð veruleg aukning á gestafjölda Héraðsbókasafns miðað við árin á undan. Á árinu 2009 voru gestir Héraðsbókasafns 7.525 sem er aukning um 21% á milli ára. Í árslok áttu 527 lánþegar gild lánþegaskírteini en mjög misjafnt er hvenær ársins skírteini lánþega renna út. Heildarútlán á árinu 2009 voru 17.180 eintök.

Útlán helstu efnispátta árið 2010:

Bækur 14.511  
Hljóðbækur/CD- snældur 600  
DVD/VHS 375  
Tímarit 1610

Einn liður í þjónustu við lánþega er millisafnalán frá öðrum söfnum en sé eintak ekki til á Héraðsbókabókasafni er reynt, sé þess óskað, að nálgast það frá öðrum söfnum gegn vægu gjaldi sem kemur upp í póstkostnað. Þó Héraðsbókasafn búi yfir afar góðum bókakosti kemur stundum fyrir að lánþegar biðji um eintak sem ekki er til eða í útláni. Á árinu 2009 voru afgreiddar milli 40-50 pantanir vegna millisafnaláns frá öðrum söfnum, eins lánar bókasafnið oft safngögn sín til annarra stofnanna sé þess óskað.

### 2.3 Innkaup

Á árinu var unnið eftir innkaupastefnu þeirri sem gerð var árið á undan. Í ársbyrjun var fjölmörgum tímaritatitlum sagt upp í sparnaðarskyni. Sem fyrr er vinsælt efni eins og barnaefni, skáldsögur og ævisögur í forgangi í innkaupum en jafnframt fylgst með öðrum efnisflokkum. Notendum hljóðbóka fer sífellt fjölgandi og því er reynt að kaupa það efni sem býðst í því formi en nokkuð er um að útgáfa þannig efnis sé í áskriftum á netinu, þar sem notendur setja saman sína eigin hljóðdiska.

### 2.4 Gjafir til bókasafnsins

Eins og undanfarin ár bærust safninu margar ágætar bóka gjafir. Sem fyrr tekur bókasafnið við þannig gjöfum með kærum þökkum, en þó með þeim skilmálum að



mega ráðstafa því sem það hefur ekki not fyrir. Oft eru þó slíkar gjafir kærkomin viðbót við safnkost safnsins. Sjá nánar hér á eftir.

## 2.5 Sumarlestur

Í annað sinn efndi Héraðsbókasafn Borgarfjarðar til sumarlesturs fyrir börn á aldrinum 6-12 ára. Tímabil sumarlesturs var frá 10. júní -10. ágúst. Sem fyrr eru markmiðin með verkefninu að nemendur viðhaldi og þjálf lestrarleikni þá sem þeir hafa tileinkað sér í skólanum yfir veturinn. Verkefnið var kynnt á mun viðtækari hátt en árið á undan en nemendum skólanna á starfssvæðinu var boðið í sérstaka kynningu á bókasafnið, þar sem farið var yfir tilhögun verkefnisins og bókasafnið kynnt. Þá var öllum nemendum gefin bókamerki Safnahúss Borgarfjarðar. Nær allar bekkjardeildir Grunnskólans í Borgarnesi komu á kynninguna. Þann 19. ágúst var haldin uppskeruhátíð sumarlesturs, en alls tóku um 30 börn þátt í lestrinum að þessu sinni. Farið var í leiki og fengu allir viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna. Að auki fengu allir glaðning frá Kaupping banka auk þess sem heppnir þátttakendur hlutu bókargjöf frá bókasafninu. Ljóst er að þetta verkefni er komið til að vera en þó væri gaman að sjá fleiri krakka taka þátt á næsta ári.

## 2.6 Ljóðasýning fimmtu bekkja í tilefni af degi íslenskrar tungu

Í fimmta sinn var efnt til ljóðasýningar nemenda fimmtu bekkja í grunnskólunum í nágrenninu og tókst hún vel að venju. Allir skólarnir tóku þátt í ár. Sýningin var með hefðbundnu sniði en þó voru ánægjulegar nýjungar. Til að mynda skilaði einn skólinn dvd-mynd með lestri nemendanna á eigin ljóðum og var hún sýnd á sýningartímanum sem hluti af skilum skólans. Þetta reyndist skemmtileg ný nálgun við verkefnið.

Önnur skemmtileg nýjung var sú að fenginn var sérstakur heiðursgestur á opunarhátíðina sem haldin var þann 12. nóvember. Að þessu sinni kom Hildur M. Jónsdóttir frá Brúðuheimum í heimsókn og kynnti fyrir börnunum starfsemina og sýndi nokkrar brúður sem eiginmaður hennar, hinn þekkti brúðuleikari Bernd Ogradnik hefur búið til og stjórnað. Þá sýndi hún kafla úr erlendri kvikmynd þar sem brúður hans koma mjög við sögu. Heimsókn Hildar vakti mikla athygli og ánægju gesta en Brúðuheimar munu opna í vor í Englendingavík í Borgarnesi.

## 2.7 Kynningar á höfundum

### 2.7.1 Böðvar Guðmundsson

Þann 9. janúar varð Böðvar Guðmundsson rithöfundur frá Kirkjubóli í Hvítársíðu sjötugur. Af því tilefni var sett upp á heimasíðu Safnahúss kynning á verkum hans og afar farsæll rithöfundaferill hans rakinn. Meginuppistaðan af þeim texta Sævars Inga birtist svo í tónleikaskrá fyrir tónleika á vegum tónlistarhátíðarinnar ÍSNORD sem haldnir voru í Logalandi þann 16. júní Böðvari til heiðurs.

### 2.7.2 Jón Helgason

Þann 30. júní voru liðin 110 ár frá fæðingu Jóns Helgasonar prófessors frá Rauðsgili í Hálsasveit. Af því tilefni var ferill hans sem fræðimanns og ekki síður skálds rakinn í stuttu máli á heimasíðu Safnahúss og birt brot af kvæðum hans en Jón er af mörgum talinn eitt dádasta skáld 20. aldar á Íslandi.

### 2.7.3 Flosi Ólafsson

Flosi Ólafsson leikari og rithöfundur hefði orðið 80 ára þann 27. október en sem kunnugt er lést hann nokkrum dögum áður. Á afmælisdag hans birtist á vef Safnahúss stutt kynning á ferli Flosa þar sem bækur hans voru í brennidepli, en meðfram glæsilegum leikferli skrifaði Flosa átta bækur, bæði endurminningarbækur frá uppvaxtarárum og sambúðarárum sínum en einnig bækur með léttari hjali.

### 2.7.4 Þuríður Guðmundsdóttir

Í tilefni af degi Íslenskrar tungu var sett upp sýning á ljóðum Þuríðar Guðmundsdóttur frá Sámsstöðum í Hvítársíðu en hún fagnaði 70 ára afmæli sínu þann 16. nóvember. Sýningin var svo opnuð samfara Ljóðasýningu fimmtu bekkja þann 13. nóvember og þar las Sævar Ingi upp nokkur ljóða Þuríðar. Þeim hefur í gegnum tíðina verið vel tekið en eftir hana liggja sjö ljóðabækur auk ljóða í ýmsum tímaritum. Í ár voru jafnframt liðin 40 ár frá útkomu fyrstu ljóðabókar Þuríðar sem heitir Aðeins eitt ljóð. Ljóðin héngu síðan uppi næstu vikurnar.

## 2.8 Gagnagrunnur um borgfirska höfunda

Á árinu hélt vinna við gagnagrunn um borgfirska höfunda áfram. Nú hefur verið safnað upplýsingum um nær alla sem vitað er um að hafi alist upp eða búið í héraðinu í einhvern tíma og fengist við ritstörf af einhverju tagi. Verkinu hefur þó miðað hægar en gert var ráð fyrir vegna ýmissa annarra verkefna héraðsbókavardar. Stefnan er þó að verkefnið fái aukið pláss á árinu 2010 enda er það trú starfsfólks að góður og fræðandi gagnagrunnur geti nýst ýmsum, ekki hvað síst skólafólki. Benda má á að kynningarnar sem minnst var á hér að framan sem unnar voru vegna afmæla viðkomandi eða annarra tímamóta nýtast vel fyrir gagnagrunninn.

## 2.9 Sagnakvöld

Þann 22. október var haldið sagnakvöld í sýningarsal Byggðasafns á neðri hæð. Þar lásu nokkrir borgfirskir höfundar og sögðu frá nýútkomnum bókum sínum. Gestir kvöldsins voru Bjarni Guðmundsson sem sagði frá bók sinni ...Og svo kom Fergusson, Bragi Þórðarson kynnti bók sína Sporaslóð, Böðvar Guðmundsson las upp úr bók sinni Enn er morgun og Óskar Guðmundsson fjallaði um bók sína Snorra sem er ævisaga Snorra Sturlusonar. Bjarni Guðmundsson sló svo lokatónanna er hann söng og lék kvæðið Sumar eftir Guðmund Böðvarsson við eigið lag. Að dagskrá lokinni var boðið uppá veitingar og gestum gafst kostur á að kaupa bækur Bjarna og Böðvars af útgefandanum Uppheimum á Akranesi sem mætti á staðinn, en bækur Braga og Óskars voru rétt útkomnar. Sagnaköldið heppnaðist afar vel og var mæting góð en um 80 manns lögðu leið sína í Safnahúsið þetta kvöld.

## 2.10 Pálssafna

Þann 20. júní 2009 voru liðin hundrað ár frá fæðingu Páls Jónssonar bókavardar frá Örnólfsdal í Þverárhlíð sem ánafnaði Héraðsbókasafni Borgarfjarðar bókasafni sínu, Pálssafni. Af því tilefni hélt Safnahús Borgarfjarðar ásamt Landsbókasafni Íslands málþing um helstu hugðarefni Páls í sal Menntaskóla Borgarfjarðar. Dagskráin hófst raunar um morguninn í Safnahúsi þar sem Pálssafn var til sýnis fyrir gesti. Sjálfst málþingið hófst í Menntaskólanum klukkan 13:00 og stóð til 16:00. Ráðstefnustjóri var Kristín Bragadóttir frá Landsbókasafni og Guðrún Jónsdóttir forstöðumaður Safnahúss flutti inngangsorð. Því næst voru flutt eftirfarandi erindi:

- Ólafur Pálmason: Pálssafn.
- Jökull Sævarsson (Landsbókasafn): Leirárgarða og Beitisstaðaprent.
- Þórunn Þórðardóttir (Ferðafélag Íslands): Ritstjóri Árbókar og starf fyrir ferðafélagið.
- Unnar Ingvarsson (Héraðsskjalasafn Skagafjarðar): Ljósmyndarinn Páll Jónsson (Sævar Ingi flutti erindi Unnars í fjarveru hans).

Kristín Bragadóttir frá Landsbókasafni og Guðrún Jónsdóttir forstöðumaður Safnahúss fluttu valin brot úr dagbókum Páls.

Rut Berg Guðmundsdóttir og Daníel Friðjónsson léku á flautu, klarinett og píanó nokkur sérvalin lög af þessu tilefni.

Meðan á málþinginu stóð voru nokkrar bækur úr Pálssafni til sýnis í sal Menntaskólans í læstum kistum. Að málþingi loknu bauð Ferðafélag Íslands til rútuferðar í Örnólfsdal á æskuslóðir Páls.

Pálsstefnan tókst með miklum ágætum og var mæting góð en ríflega 60 gestir mættu á viðburðinn. Þá átti starfsfólk Safnahúss Borgarfjarðar afar gott samstarf við þær stofnanir sem að málþinginu komu: Landsbókasafn Íslands, Héraðsskjalasafn Skagafjarðar og Ferðafélag Íslands. Verkefnið var styrkt af Menningarráði Vesturlands.

## 2.11 Önnur þjónusta

Önnur verkefni frá fyrri árum héldu áfram á árinu 2009. Bókakoffort fyrir leikskóla er sívinsælt verkefni og á árinu bættust fleiri aðilar við.

Samstarf Héraðsbókasafns Borgarfjarðar og Bókasafns Akraness hélt að sjálfsögðu áfram á árinu.

## 2.12 Gefin eintök til Héraðsbókasafns 2009

5/1 Guðrún Jónsdóttir forstöðumaður Safnahúss og fjölskylda, gefa nokkrar skáldsögur, bæði kiljur og í hörðu bandi. Þar á meðal eru bækur úr bókaflökknum Kvenspæjarastofunni eftir Alexander McCall Smith og tvær bækur rússnesku skáldkonunar Marínu Lewycka.

8/1. Unnsteinn Arason gefur safninu eintak af bók Jóns Sigurðssonar frá Skíðsholtum en bókin heitir Hundrað ljóð og lausavísur og var gefin út í tilefni af því að hundrað ár voru liðin frá fæðingu Jóns árið 1997. Forsaga málsins er sú að SIJ hafði orð á því við Unnstein að þessi bók væri ekki til á Héraðsbókasafninu, og spurði Unnstein hvort hann vissi nokkuð um eintak, en Jón var seinni maður Ólafar móður Unnsteins. Unnsteinn brást fljótt og vel við og færði safninu ónotað eintak að gjöf.

14/1. Óskar Þór Óskarsson færir bókasafninu að gjöf eintak af upptöku sinni á Helgileik eftir Kjartan Ragnarsson og Unni Halldórsdóttur sem settur var upp í Menntaskóla Borgarfjarðar 27. des. 2008. Annað eintak fer til geymslu á skjalasafni en eintak bókasafns mun verða lánað út og er það gert með fullu samþykki Óskars Þórs og höfunda verksins, Kjartans og Unnar.

10/2 Grétar H. Óskarsson færir safninu að gjöf eitt eintak (ný útgáfa) af riti sínu Rætur Kristindómsins, hugleiðingar um uppruna kristinnar trúar og tengsl hennar við önnur trúarbrögð.

18/2 Anna Baldrún Garðarsdóttir á Hvanneyri gefur safninu nokkrar bækur, einkum matreiðslubækur en einnig bækur annarra flokka.

23/2 Ása S. Harðardóttir færir bókasafninu nokkuð magn bóka við flutning, mest nýlegar ísl. og erl. skáldsögur en einnig Heims atlas, Íslenskan söguatlas og Ísl. alfræðibókina.

11/3 Parkinsonssamtökin á Íslandi gefa eitt eintak af bæklingi samtakanna sem ber heitið Parkinsonsveiki lyf og matarræði.

12/3 Helga Björk Bjarnadóttir gefur eitt eintak af bæklingnum Að vera öruggur, á titilsíðu stendur: bæklingur um leiðir til að þekkja og forðast kynferðislegt ofbeldi. Bæklingurinn er ætlaður einstaklingum með þroskahömlun.

30/3 Þróunarsamvinnustofnun Íslands gefur eitt eintak af dvd-myndinni Tákn vonarstaða heyrnarlausra í Namibíu en myndin er ný af nálinni og var frumsýnd á Rúv. í mars 2009.

2/4 Flugakademían við Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs gefur eintak af handbók Diamond DA20-C1 Eclipse flugvélarinnar; undir fylgiblað skrifar Matthías Arngrímsson Flokkstjóri PPL/Fl.

7/4 Kjartan Jarlsson og Ingibjörg Jónsdóttir Hafnarfirði, gefa nú sem oftar nýjar og nýlegar skáldsögur á ensku í kiljuformi.

16/4 Guðríður Ebba Pálsdóttir gefur tvö eintök af ársskýrslu Ungmennasambands Borgarfjarðar fyrir árið 2008.

23/4 Menningarnefnd Borgarbyggðar gefur eitt eintak af dvd-disk með Danshópnum Sporinu, en diskurinn nefnist Íslenskir þjóðdansar og geymir upptök frá dansi hópsins í Árbæjarsafni 15. mars 2007, gert í samvinnu við Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði.

26/3 Vísindakirkjan gefur hljóðbækur af nokkrum verkum L. Ron Hubbard, áður hefur stofnunin sent nokkuð af verkum hans.

6/5 Öryrkjabandalag Íslands gefur eitt eintak af hljóðbók með lestri á tímariti Öryrkjabandalagsins. Síðar á árinu gefur Öryrkjabandalagið annan disk með svipuðu efni.

8/5 Birna Guðrún Ólafsdóttir gefur nokkrar skáldsögur í kiljuformi á norsku.

14/5 Grunnskólinn í Borgarnesi færir Héraðsbókasafni Borgarfjarðar til varðveislu eintök eftirtalinna rita: Skíma, Málfríður, Flatarmál og Glæður.

30/5 Snorri Þorsteinsson færir safninu fyrir hönd Sögufélags Borgarfjarðar tvö eintök af nýútkominni Borgfirðingabók 2009.

15/6 Helgi K. Helgason gefur nokkrar bækur, einkum skáldsögur í kiljuformi en einnig ónotað eintak af bókinni Hestar og menn 1990.

17/7 Kjartan Jarlsson gefur líkt og áður nokkrar nýlegar/nýjar kiljur á ensku.

22/7 Sigurður Tómasson og Rita E. Larsen, Sólheimatungu 2, gefa nokkrar árganga af Æskunni og ABC.

29/7 Rögnvaldur Guðbrandsson frá Hrauntúni (Nú búsettur í Borgarnesi) gefur Framfara, afmælisútgáfu frá 1977 en þá voru liðin hundrað ár frá fyrstu útgáfu blaðsins, af því tilefni voru fyrstu árgangarnir gefnir út í einu bandi sem Rögnvaldur færði safninu að gjöf.

13/8 Björn Jóhannsson, Borgarnesi, gefur talsvert magn bóka úr ýmsum áttum og nokkur tímaritaeintök, en safnið er einkum frá afa hans Ásmundi Ásmundssyni í Dal og móður Björns Ragnheiði Ásmundsdóttur.

21/8 Ingpór Friðriksson læknir í Borgarnesi gefur ættartölubækur Jóns Espólins alls 13 bækur, handskrifaðar í rauðum möppum.

27/8 Ragnheiður Kristófersdóttir, Gilsbakka, gefur eftirfarandi tímartit: Bændablaðið (frá upphafi til dagsins í dag) Æskan (fjölmargir árgangar) og sömuleiðis nokkra árganga Borgfirðings.

31/8 Ingpór Friðriksson læknir gefur Tímarit Máls og menningar, meirihlutinn innbundinn í vönduðu bandi. Einnig gefur Ingpór nokkrar bækur, aðallega erlendar bækur í kiljuútgáfu.

20/8 Búnaðarsamband Vesturlands gefur ýmis gögn; skýrslur, ársrit, tímarit og ýmis fræðirit um landbúnað.

7/10 Þuríður Guðmundsdóttir skáldkona frá Sámsstöðum sendir tvö eintök af bók sinni Á svölunum frá 1975, en þessi bók þuríðar sem hún gaf út sjálf var ekki til fyrir á safninu.

10/10 Ása Ólafsdóttir Lækjarkoti, gefur nokkrar nýlegar skáldsögur, innbundnar og kiljur.

26/10 Björg Gunnarsdóttir Hvanneyri gefur nokkuð magn gamalla bóka og tímarita.

26/10 Sævar Hreiðarsson (starfsmaður Skógræktar ríkisins) gefur nokkrar ættfræðibækur.

18/11 Sigurbjörg Ólafsdóttir, Borgarnesi gefur nokkuð magn bóka: bæði skáldsögur, ævisögur og barnabækur, bæði nýlegar og eldri.

15/12 Ragnar Sveinn Olgeirsson, Borgarnesi (áður Oddstöðum) gefur nokkur tímaritaeintök einkum gömul prjónablöð með prjónauppskriftum.

17/12 Orkuveitan gefur eitt eintak af eftirtöldum bókum sem fyrirtækið lét skrifa og út komu árið 2007:

Saga Hitaveitu Reykjavíkur skrifuð af Lýði Björnssyni.

Saga Vatnsveitu Reykjavíkur skrifuð af Hilmarí G. Garðarsyni.

Saga Rafmagnsveitu Reykjavíkur skrifuð af Sumarliða Ísleifssyni.

### 3. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar

*Jóhanna Skúladóttir, héraðsskjalavörður*

#### 3.1 Almenn

Sveitarfélagið Borgarbyggð rekur Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar og er með þjónustu- og vörslusamning gagna við Hvalfjarðarsveit og Skorradalshrepp. Safnið er eitt af fimm söfnum sem eru með sameiginlega aðstöðu í Safnahúsi Borgarfjarðar í Borgarnesi. Afgreiðslutími safnsins er frá klukkan 9.00 - 16.00 og hægt er að sitja í lestrarsal Safnahússins til kl. 18.00 en þá er húsinu lokað.

Umsjá skjalasafnsins er í höndum Jóhönnu Skúladóttur héraðsskjalavörðar sem er í 100% starfi. Í sex mánaða átaksverkefni greiddu af Borgarbyggð í samstarfi við Vinnumálastofnun fengust tveir viðbótarstarfskraftar á safnið til að vinna að sérstökum verkefnum. Ráðnar voru Jenný Johansen og Þóra Þorkelsdóttir og unnu þær við að flokka, skrá og búa um gömul skjöl og myndir. Einnig vann Heiðar Lind Hansson sumarstarfsmaður Safnahússins að verkefnum á skjalasafni.

Héraðsskjalavörður fór á tvo fundi með Þjóðskjalasafni Íslands og héraðsskjalavörðum á árinu. Sá fyrri var haldinn í Reykjavík 27. og 28. febrúar. Þar var m.a. rætt um rafræna skjalavörslu og breytingar á lögum um Þjóðskjalasafn. Seinni fundurinn var haldinn að Egilsstöðum 29. og 30. apríl. Þar var rætt um eftirlitshlutverk héraðsskjalasafna og endurskoðun á handbók um skjalavörslu sveitarfélaga ásamt því að farið var í ýms mál er varða skjalavörslu almennt.

Á árinu var stofnað félag héraðsskjalavörðar á Íslandi en á landinu eru alls um 20 skjalasöfn starfandi. Markmið félagsins er að vera virkur samstarfsvettvangur héraðsskjalavörðar til að styrkja héraðsskjalasöfnin, hag þeirra, faglegt frumkvæði, starfsemi og verkefni sem snúa að skjalavörslu í sveitarfélögum á Íslandi. Félagið heldur úti heimasíðunni [heradsskjalasafn.is](http://heradsskjalasafn.is). Fyrsta verkefni félagsins var í samvinnu við Kvenfélagasamband Íslands og var landsátak í söfnun skjala kvenfélaga. Tókst verkefnið vel í alla staði.

Í Borgfirðingabók 2009 birtist grein eftir Jóhönnu héraðsskjalavörð um hlutverk og starfsemi Héraðsskjalasafnsins og mikilvægi þess að varðveita sögu héraðsins. Í skjalasafnið hefur nú þegar safnast töluverður safnkostur en árið 2011 verður Héraðsskjalasafnið 50 ára en það var stofnað 1961.

#### 3.2 Þjónusta

Skráðar gestakomur á skjalasafn voru 180 talsins; þar af voru 93 gestir sem nýttu sér lestrarsal. Í fyrra var þessi tala 146 þannig að umtalsverð aukning varð á gestafjölda. Fjöldi fyrirspurna koma einnig í síma og í tölvupósti og eru skráðar fyrirspurnir 205 talsins og er það aukning frá því í fyrra er þær voru 155.

#### 3.3 Skjalavarsla

Safnið fékk 45 afhendingar á árinu og eru það færri afhendingar en í fyrra en þá voru þær 52 talsins; sjá aðfangalista. Eins og áður var safnkosturinn skráður í gagnagrunninn Filemaker og er fjöldi skjalafærsla árinu 10.923 en var 10.734 í fyrra og ljósmynda úr 6087 í 6231. Vegna aukins mannafla á safninu var ráðist í mjög mikla

flokkunarvinnu á gögnum en ekki er búið að skrá nærri allt sem flokkað hefur verið og mun það þá sýna aukningu í skjalakosti næsta árs.

### 3.4 Sýningar

#### 3.4.1 Opnaður ljósmyndavefur og myndasýningin *Rammar*

Á árinu fékkst 500 þús. kr. styrkur frá Þjóðhátíðarsjóði til að skanna elstu ljósmyndir safnsins og setja á vefinn og gerði það mögulegt að þann 27. ágúst s.l. var opnaður ljósmyndavefur á vefslóðinni ljósmyndasafn.safnahus.is. Hönnuður vefjarins er Jóhann Ísberg. Með því að opna vefinn náðist það markmið að gera hluta af ljósmyndakosti safnsins aðgengilegan almenningi. Unnið var nokkuð á árinu að bæta við myndum inn á vefinn og verður haldið áfram við verkið á næsta ári. Við sama tækifæri var opnuð myndasýningin *Rammar* en þar voru sýndar ljósmyndir af fólki. Myndirnar höfðu verið gefnar til safnsins í römmum, en fallegur rammi er mikilvægur hluti verks. Rammasýningin stóð til 6. nóvember.

#### 3.4.2 Skjaladagur 2009

Samnorræni skjaladagurinn var haldinn laugardaginn 14. nóvember s.l. Að þessu sinni var hvert land með sjálfvalið efni og valdi Ísland þemað Konur og kvenfélög sem sitt framlag. Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfnin voru að venju með sameiginlega vefsíðu, skjaladagur.is, þar sem fjallað var um efni dagsins í texta og myndum. Viðfangsefni Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar var Kvenfélag Borgarness og Skallagrímargarðurinn. Sett var upp lítil sýning með gögnum Kvenfélagsins sem tengdust uppbyggingu og umhirðu garðsins sem stóð yfir um margra ára skeið eða frá 1930 til ársins 1989 þegar kvenfélagskonur afhentu Borgarbyggð garðinn til eignar og umsjónar.

### 3.5. Aðföng 2009

1. Óskar Þór Óskarsson afhendir upptöku af helgileik eftir Kjartan Ragnarsson og Unni Halldórsdóttur sem fluttur var í Menntaskóla Borgarfjarðar 27. desember 2008. Aukaefni sýnir frá undirbúning helgileiksins, frá messu í Borgarneskirkju, blysför upp í Menntaskóla og flutningi helgileiksins.
2. Sigurjón Valdimarsson afhendir Veiðibækur Norðurár fyrir árið 2007.
3. Þorvaldur Heiðarsson afhendir gögn Alþýðubandalags Borgarness og nærsveita. Þar á meðal fundargerðir ritnefndar Röðuls 1974-1982. Ýmis skjöl varðandi málefni félagsins og kjördæmisráðs 1972-1982 og bókhald félagsins 1974-1987.
4. Ingbór Friðriksson afhendir hjónavígsluleyfi Hervaldar Björnssonar og Guðríðar Sigurðardóttur frá árinu 1919.
5. Þorvaldur Heiðarsson afhendir gögn Alþýðubandalags Borgarness og nærsveita. M.a. gögn sem snerta sölu húseignarinnar að Brákarbraut 3 í Borgarnesi og ljósmyndir úr starfi félagsins.
6. Þorvaldur Heiðarsson afhendir gögn, m.a. fundargerðir og reikninga, frá Stangaveiðifélagi Borgarness frá árunum 1992-1997.

7. Hilmar Arason afhendir ýmis gögn úr Grunnskólanum í Borgarnesi. M.a. drög að skólasögu, og sögu unglingsfræðslu í Borgarnesi.
8. Sigríður Helga Sigurðardóttir afhendir gögn úr Grunnskólanum í Borgarnesi.
9. Ásdís Geirdal afhendir bókhaldsgögn frá Sambandi borgfírskra kvenna frá 1982-2006.
10. Ólafur Kristófersson afhendir ljósmynd af hljómsveitinni Straumar í Borgarnesi. Hljómsveitin starfaði á árunum 1964-1969.
11. Ingibjörg Hargrave afhendir frá Stafholtstungnahreppi átján 100 kr. hlutabréf í H.f. Skallagrími frá árunum 1935-1945.
12. Hilmar Arason afhendir 42 atkvæðaseðla sem fundust í Óðali (gamla barnaskólanum) þegar verið var að lagfæra húsnæðið. Talið er að atkvæðaseðlarnir séu frá Alþingiskosningunum 1937.
13. Sigríður Vilhjálmsdóttir afhendir gögn frá Leirár- og Melahreppi. Alls 15 kassa.
14. Sigríður Vilhjálmsdóttir afhendir gögn frá Hvalfjarðarstrandahreppi. Alls 27 kassa.
15. Þórarinn Skúlason og Guðfinna Guðnadóttir afhenda myndir af Kristjáni 9. konungi Íslands og Danmerkur og Louise af Hessen-Kassel drottningu. Myndirnar eru úr búi Steindórsstaðahjónanna, Einars Magnússonar og Ástríðar Pálsdóttur.
16. Stefana Gunnlaug Karlsdóttir afhendir 25 myndir frá Þorgautsstöðum frá tíð Guðmundar Jónssonar og Þuríðar Ólafsdóttur. Myndirnar eru af fólki og íbúðarhúsinu á Þorgautsstöðum.
17. Guðmundur Jónsson afhendir rituð minningarorð um Þorbjörgu Jónsdóttur frá Bjarnastöðum eftir Guðmund Böðvarsson. Einnig erfiljóð í minningu Þorbjargar Jónsdóttur frá Bjarnastöðum eftir Halldór Helgason Ásbjarnarstöðum. 17 frásagnir og minningar eftir Guðmund Jónsson og bréf til samgöngumálaráðherra vegna Hvítársíðuvegar dags. 18. okt. 2007.
18. Þorvaldur Jónsson afhendir samantekt Jóns Þórissonar í Reykholti um Bridgefélag Reykdæla 1957-1977 og Bridgefélag Borgarfjarðar 1977-1997. Einnig afhendir hann meistarastigaskrá Bridgesambands Ísland 1991 og 1993.
19. Þórhallur Arnar Guðmundsson afhendir Testamentið og sálma Davíðs. Titilblaðið vantar á bókina þannig að útgáfustaður og ár er ókunnur. Þuríður Eggertsdóttir, móðursystir Þórhalls, gaf honum bókina upp úr 1970. Bókin, sem er orðin mjög snjál gekk á milli bæja í Reykholti- og Hálsahreppi og var notuð til lestrarkennslu.
20. Birna Konráðsdóttir afhendir 6 veiðibækur Norðurár fyrir árið 2008.
21. Erla Daníelsdóttir afhendir 4 póstkort og 4 ljósmyndir sem flestar eru teknar af Þorleifi Grönfeldt.
22. Ólafur Pálmason afhendir erindi sem hann flutti í aldarminningu Páls Jónssonar í Borgarnesi 20. júní 2009.
23. Sveinn Hálfðánarson afhendir fundargerðabók Lionsklúbbs Borgarness frá 1991-1998.
24. Þóra Elfa Björnsdóttir afhendir ljósmyndir og minningabók úr eigu Bjargar Beinteinsdóttur.
25. Björn Jóhannsson afhendir gjaldabók t.d. vegna húsbýggingar árið 1930, gjaldabók og ýmis bréf úr fórum Ásmundar Jónssonar.



26. Björn Jóhannsson afhendir útskorna gestabók, innrammað minningarblað um Jón Benediktsson bónda í Borgarnesi og innrammaða teikningu Samúels Eggertssonar af Íslandi 1915.
27. Arna Einarsdóttir afhendir fundargerðir Knattspyrnudeildar Ungmennafélagsins Skallagríms fyrir árin 2000 og 2001. Disk með ljósmyndum frá Búnaðarbankamótinu 2001 og skjöl frá starfi félagsins frá 2000-2005.
28. Puríður J. Kristjánsdóttir afhendir ljósmyndir frá hófi sem haldið var í Barnaskólanum á Varmalandi 11. mars 1961 á gullbrúðkaupsdegi Kristjáns F. Björnssonar og Rannveigar Oddsdóttur á Steinum. Skólarnir fjórir, Barna- og Húsmæðraskólinn á Varmalandi, Grunnskólinn í Borgarnesi og Reykholtsskóli héldu gullbrúðkaupshjónunum veislu en Kristján hafði byggt alla þessa skóla.
29. Ragnheiður Kristófersdóttir afhenti ljósmynd af Torfa Sívertssen (1865-1908) Höfn í Melasveit ásamt stórrí ljósmynd í ramma af Sigríði Pétursdóttur (1865-1917) Gilsbakka.
30. Ragnheiður Kristófersdóttir afhendir frá Ungmennafélaginu Brúin félagsblöðin Brúin frá 1909-1912 og 1919-1963 og göngueintök Gests frá 1915, 1920-1922. Annál UMFB 1908-1977 eftir Magnús Sigurðsson og Erling Jóhannesson, Sögu UMFB eftir Magnús Sigurðsson og Hverjir stofnuðu Umf. Brúin eftir Magnús Sigurðsson.
31. Ragnheiður Kristófersdóttir afhendir tölvudisk með uppskrift af Brúnni, handskrifuðu blaði Ungmennafélagsins Brúarinnar.
32. Sigríður Helga Sigurðardóttir afhendir frá Grunnskólanum í Borgarnesi 140 slidesmyndir frá opnum degi 1985.
33. Helga Halldórsdóttir afhendir gögn Búnaðarsamtaka Vesturlands, alls 18 kassa.
34. Ragnheiður Guðmundsdóttir afhendir bókhaldsgögn frá Sóknarnefnd Innra-Hólmskirkju.
35. Guðrún Jónsdóttir afhendir ljósmyndir sem Páll Guðbjartsson tók vegna samantektar um verslunarsögu Borgarfjarðar.
36. Sveinbjörn Blöndal afhendir póstkvittunarbók frá árunum 1935-1966 frá bréfhirðingunni í Dalsmynni í Norðurárdal.
37. Sveinbjörn Blöndal afhendir póstsendingabók frá árunum 1907-1973 frá bréfhirðingunni Hvammi í Norðurárdal.
38. Jóhanna Bergmann Þorvaldsdóttir afhendir ljósmyndaalbúm úr eigu Hróðnýjar Þorvaldsdóttur Háafelli.
39. Ellen og Sverrir Pálsson afhenda 5 ljósmyndir frá Snorrahátið í Reykholti 1947 og 5 myndir frá Brúarreykjum. Ljósmyndari myndanna frá Reykholti var Valgarður Kristjánsson Stykkishólmi.
40. Snorri Þorsteinsson afhendir ýmis gögn Sögufélags Borgarfjarðar frá árunum 1974-2008.
41. Kristinn Helgi Eldjárnsson afhendir bréf til Þorsteins Jóhannessonar Haugum frá Jónasi Árnasyni.

42. Jón Halldórsson afhendir gögn frá Sigurði Péturssyni varðandi Niðursuðuverksmiðju í Borgarnesi.
43. Herdís Guðmundsdóttir afhendir fundagerðarbók Kvenfélags Borgarness frá árunum 1975-1991.
44. Púriður J. Kristjánsdóttir afhendir 9 mannamyndir.
45. Margrét Ingadóttir afhendir 3 skólabækur: tvær úr eigu Ágústu Árnadóttur og eina úr eigu finns Einarssonar. Einnig afhendir margrét myndaalbúm úr eigu ömmu sinnar og afa.

## 4. Munasafn

*Sigrún Elíasdóttir, munavörður*

Munasafn er samheiti yfir þrjú söfn: Byggðasafn Borgarfjarðar, Náttúrugripasafn Borgarfjarðar og Listasafn Borgarness.

### 4.1 Byggðasafn

#### 4.1.1 Geymslur

Á árinu 2009 hefur enn verið unnið að því að fækka geymslustöðum með því að færa alla grófarí muni Byggðasafnsins á einn stað í gamla sláturhúsinu í Brákarey. Þar hafa verið gerðar talsverðar úrbætur á húsnæðinu, bæði aðgengi og lýsingu. Stærstum hluta þessara muna er nú búið að koma fyrir á brettum sem auðveldar flutninga, en að sama skapi er nákvæm staðsetning þeirra í skráningakerfinu engin og erfitt er að komast að þeim. Staðsetning annarra muna er óbreytt frá fyrra ári. Það er því ljóst að enn er beðið eftir varanlegu geymsluhúsnæði.

Vegna gruns um möl á efstu hæð Safnahússins var eitrad þar í maí og settar upp fælur og gildirur í kjölfarið.

#### 4.1.2 Börn í 100 ár

Sýningin Börn í 100 ár var aðalsýning Safnahússins annað sumarið í röð. Hún var opin alla daga kl 13.00 -18.00 frá 1. júní til 1. september. Yfir vetrartímam er hún opin eftir samkomulagi. Aðsókn á sýninguna var góð þrátt fyrir að skólahópum sem koma lengra að hafi vissulega fækkað vegna kreppunnar. Skólarnir í sveitarfélaginu hafa hins vegar verið duglegir að mæta með nemendum. Kennaranemi í Háskóla Íslands gerði kennslufræðilegt verkefni um sýninguna sem starfsfólk Safnahúss fékk leyfi til að nota við fræðslu. Einnig voru gerðir spurningalistar fyrir börn til að taka með sér um sýninguna, til lestrar og fræðslu. Þátttaka var góð og dreginir voru út tveir vinningshafar að hausti og þeim send sín hvor bókin að launum. Fyrir sumarið var gengið frá enskum textum í möppur, þar sem búið var að þýða íslensku textana sem eru innan í hólfunum á sýningunni. Sýningarverðir héldu áfram að safna upplýsingum um myndir á veggjunum í þar til gerðar möppur. Gestir á sýninguna voru tæplega 2000.

#### 4.1.3 Ýmislegt

Munavörður fór í heimsókn í Menntaskólann í Hamrahlíð í septemberlok að ósk Rúnu Guðmundsdóttur kennara. Hún kennir þar vinsælan valáfanga sem heitir Saga læknisfræðinnar þar sem farið er yfir sögu læknisfræðinnar frá upphafi mannkyns. Safnið á ágætis safn af slíkum tækjum frá læknaféðgum í Stafholtsey þeim Páli Jakobi Björnssyni Blöndal og syni hans Jóni. Einnig var sýndur efri hluti af hauskúpu af manni sem vakti mikla athygli nemenda.

#### 4.1.4 Munir

Gamla File maker pro skráningakerfið, sem allir munir voru skráðir í, er nú á útleið enda er SARPUR, sameiginlegur gagnagrunnur safna á Íslandi, tekinn við því hlutverki. Um 9500 munir eru í safninu. Munavörður vinnur í nýskráningunni samhliða öðrum störfum og nú eru tæplega 700 munir skráðir í SARP.

#### 4.3.4 Eftirfarandi munir bættust í safnið á árinu 2009:

1. Ingþór Friðriksson í Borgarnesi afhendir afmælikveðju frá skólabörnum til Hervalds Björnssonar, nöfn barnanna brennd í leður.
2. Þorvaldur Jónsson í Brekkukoti gefur tugi spilabakka sem notaðir voru við spilamennsku í Reykholtssdal, saumaðir úr leðri af 3 konum í sveitinni.
3. Sigurður A. Guðmundsson ættaður úr Borgarnesi gefur útvarp smíðað af Daníel Björnssyni á Horninu.
4. Stefana Karlsdóttir bauð safninu að koma að skoða hús sitt að Þorgautsstöðum og velja þaðan gripi sem þættu álitlegir fyrir safnið. Þaðan var tekið nokkuð af stærri munum, kommóður, kistur og rúm.
5. Þóra Elfa Björnsson afhendir ýmsa persónumuni frá frænku sinni Björgu Beinteinsdóttir frá Grafardal.
6. Garðar Halldórsson í Reykjavík gefur yfir 50 ára gamlan bréfpoka merktan verslun í Borgarnesi.
7. Sigríður Hallgrímsdóttir gefur safninu skeggbolla.
8. Ragnheiður Kristófersdóttir á Gilsbakka afhendir muni frá Sigríði Pétursdóttur frá Gilsbakka.
9. Þorgerður Kolbeinsdóttir frá Stóra – Ási kemur með handavinnunum eftir móður sína og móðursystur.
10. Ragnar Olgeirsson afhendir safninu gamlan kistil.
11. Sigvaldi Arason, Gunnar Ólafsson og fleiri gefa líkan af skipinu Hvítánni sem gerð var út frá Borgarnesi. Smíðurinn er Grímur Karlsson, sá sami og smíðaði líkanið af Eldborginni.

## 4.2 Listasafn

### 4.2.1 Framkvæmdir

Það varð ljóst að komist hafði verið fyrir lekann þegar skipt hafði verið um glugga árið 2008 og því hægt að skipta um gólfdukk í sýningarsalnum á árinu 2009. Það var gert í byrjun árs og tókst vel til. Einnig var ráðist í það verkefni að smíða plötur fyrir stóru gluggana í salnum sem hægt er að taka úr. Þannig gerum við notkunarmöguleikana fjölbreyttari en áður því nú er með einföldum hætti hægt að myrkva salinn algerlega og auka veggpláss ef þess er óskað.

### 4.2.2 Sýningar

Vegna framkvæmda var fyrsta sýning í salnum ekki fyrr en 14. mars og þá kom hluti af Gullpenslinum og sýndi fjölbreytt málverk. Það er hópur 14 listamanna úr Reykjavík sem sýnir saman undir þessu heiti. Helena Guttormsdóttir kennari í Lbhí á Hvanneyri hafði frumkvæði að því að fá þá til að sýna í Safnahúsinu. Hún tók einnig á móti skólahópum og bauð almenningi upp á hádegisleiðsögn um sýninguna.

Á sumardaginn fyrsta var svo opnuð sýning á völdum verkum frá Hallsteini Sveinssyni, sem gaf á sínum tíma fyrstu verkin á Listasafn Borgarness. Var sýningin tileinkuð Bjarna

Bachmann safnverði. Meðal listamanna sem sýnd voru verk eftir á þessari yfirlitssýningu voru Nína Tryggvadóttir, Kristján Davíðsson, Ásmundur Sveinsson, Hafsteinn Austmann og fleiri. Við sama tækifæri var lítil sýning í anddyri og holi frá Borgarneskirkju vegna 50 ára afmælis kirkjunnar. Af þessu tilefni var ákveðið að gefa listasalnum nafn og hlaut hann nafnið Hallsteinssalur.

Þann 12. júní opnaði svo ein vinsælasta sýning listasafnsins frá upphafi þegar Katrín Jóhannesdóttir sýndi hönnun sína og handavinnu. Sýningin þótti sérstaklega vönduð og skemmtilega uppsett með leikmunum frá Byggðasafni, og birt var viðtal við Katrínu í Morgublaðinu í ágúst. Þá sýningu sóttu um 1000 gestir og hún var framlengd um tvær vikur vegna mikillar aðsóknar.

Þann 27. ágúst var Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar með sýningu sem nefndist Rammar og sýndar voru gamlar myndir af fólki úr héraði í upprunalegum römmum. Nánar er fjallað um þá sýningu í texta frá Héraðsskjalasafninu. Sama dag var opnuð sýning á myndverkum eftir aðeins 11 ára gamlan listamann, Matthías Margrétarson.

Hin árlega ljóðasýning Bókasafnsins var á sínum stað í tilefni af Degi íslenskrar tungu í nóvember. Ljóð bárust frá öllum 5. bekkjum héraðsins og héngu uppi í 2 vikur.

Snjólaug Guðmundsdóttir frá Brúarlandi opnaði svo síðustu sýningu ársins þann 28. nóvember. Hún bar heitið Af fingrum fram og var eins konar framhald af sýningu Snjólaugar á Blönduósi sumarið 2009. Sýnd voru ofin veggteppi, þæfðar myndir og fleira úr ull.

Yfir heildina litið var aðsókn á viðburði í Hallsteinssal mjög góð á árinu 2009, betri en nokkru sinni áður, enda undirskriftir í gestabækur rúmlega 1500.

#### 4.2.3 Innra skipulag

Árið 2008 var tekin sú ákvörðun að taka gjald fyrir þau listaverk sem eru í útleigu í stofnunum. Þar er gerður nokkur munur á gjaldi eftir verðmæti verka. Gerð var endurbót á samningum, skerpt á umgengnis og öryggisreglum og umsjónamenn stofnana hvattir til að skila inn verkum sem af einhverjum ástæðum eru ekki í notkun. Fyrstu slíku rukkanirnar voru innheimtar í mars 2009 og smávægilegar breytingar voru gerðar á lánum til stofnana. Enda ágætis áminning fyrir stofnanir að fylgjast með hvaða verk séu í láni á hverjum tíma.

### 4.3 Náttúrugripasafn

Allir munir safnsins eru í geymslum í aðalbyggingunni, fyrir utan þau dýr sem eru til sýnis í bæjargöngum og sýningarhólfum á sýningunni Börn í 100 ár.

Leitað var eftir ráðgjöf frá Náttúrufræðistofu Kópavogs við að meta verðmæti safnsins vegna trygginga. Áætlað verðmæti þess var 11,5 milljón kr.

Á árinu var farið að huga að varanlegri sýningu fyrir safnið á neðri hæð hússins, þar sem nú er geymsla. Ákveðið var að draga fram sérstöðu þessa safns sem eru fuglarnir. Sótt var um styrki og Orkuveitan styrkti safnið um hálfa milljón sem var varið til þess að fá Snorra Frey Hilmarsson, hönnuð sýningarinnar Börn í 100 ár, til að hanna hugmyndir að sýningu á fuglum safnsins í frekar litlu rými. Nú eru til teikningar sem stefnt er á að halda áfram að vinna að þegar meira fé fæst til verksins.

**Ársskýrsla Safnahúss Borgarfjarðar**

Gert í Borgarnesi janúar - apríl 2010

Guðrún Jónsdóttir, Jóhanna Skúladóttir,  
Sigrún Elíasdóttir og Sævar Ingi Jónsson.